

Pannig samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og stjórn Sjúkrasjóðs Mývatnssveitar og ungmennafélaginu Mývetningur. 36

18. maí

Gautlöndum, 10. febrúar 1937.

Jón Gauti Pétursson.  
Sigfús Hallgrímsson.

Sigurður Einarsson.  
Hermann Hjartarson.  
Óskar Illugason.

Páll Jónsson.  
Jónas Helgason.

## AUGLÝSING

37

26. maí

um breyting á samþykkt nr. 56 5. júní 1937, um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

2. grein, 1. mgr. orðist svo:

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema föstudaga kl. 8 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

2. grein, 4. mgr. orðist svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka stofunum eigi síðar en kl. 1 síðdegis. Þó má jafnan vera opið til kl. 6 síðdegis laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

38

31. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.